



Skólabyrjun grunnskólastigs 24. ágúst 2015 kl. 08:10

Mánudaginn 24. ágúst hefst skólastarf á grunnskólastigi með fundi
starfsfólks, nemenda og foreldra klukkan 08:10.

Að þessu sinni er ekki um að ræða foreldraviðtöl í upphafi skólaárs en slíkt formlegt samtal er fyrst þann 1. október þar sem kennari og nemandi/foreldrar setjast saman og fara yfir fyrstu vikur skólaársins.

Í stað viðtals verður haldinn sameiginlegur fundur þann 24. ágúst og því eru foreldrar boðaðir í skólann kl. 08:10 þann dag með nemendum. Þá er kynningarfundur um komandi skólaár, farið yfir stundaskrá, skólanámskrá, kennslufyrirkomulag og ýmislegt fleira sem skiptir máli að vita fyrir foreldra og nemendur. Eftir fundinn eru foreldrar beðnir að skrá börnin í áskriftir ef svo skal vera (matur, ávextir, mjólk) og fylla út neyðarkort og fleira. Fundurinn tekur um klukkustund en nemendur verða áfram í skólanum til 13:35.

Til upplýsinga eru 20 nemendur í 1.-7. bekk í vetur, á leikskólastigi eru 14 nemendur. Í vetur munu tveir umsjónarkennarar bera sameiginlega ábyrgð á öllum nemendum 1.-7. bekkjar enda munu þær Helga og Heike mynda saman teymi ásamt Guðrúnu stuðningsfulltrúa og sinna nemendum sameiginlega.

Þeir foreldrar sem óska eftir viðtali við kennara í upphafi skólaárs geta því annað hvort haft samband við Helgu helgas@dalvikurbyggd.is eða Heike heike@dalvikurbyggd.is eða þær báðar, með því að senda þeim tölvupóst eða hringja í síma 460-4970. Þær miðla öllum nauðsynlegum upplýsingum sín á milli, innan teymis sem og til annars starfsfólks eins og þarf.

ATH! Aðeins skólaakstur heim þennan dag 13:35.

Sjáumst í skólanum með von um gott samstarf á 4. starfsári Árskógarskóla
Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson, skólastjóri